

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu út af 87
 beiðni um leyfi til að flytja til landsins hrút frá Skotlandi. — Eptir að hafa með 15. júlí.
 þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 9. f. m. meðtekið álit amtsráðsins í norð-
 ur og austuramtinu um beiðni Hermanns Hjálmarssonar, er jeg sendi yður með brjefi
 mínu 29. apríl þ. á., um leyfi til að fá fluttan til Húsavíkur frá Skotlandi hrút til að
 blanda íslenzkt fjárkyn, vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður að tilkynna
 nefndum Hermanní Hjálmarssyni, að af því að enginn dýralæknir sje á Húsavík eða
 þar í grennd, geti jeg eptir lögum 17. marz 1882, 1. gr. eigi veitt undanþágu þá frá
 hinu almenna banni gegn innflutningi á kvikfje, sem hjer er beið um.

Skýrsla

um «Gjöf Jóns Sigurðssonar».

Tekjur.

Eptir skýrslu, dagsettri 3. júlí 1885, átti sjóðurinn :

a. Innritunarskírteini Ltra G. fol. 1719	kr. 8400,00	
b. Í peningum	— 171,48	kr. 8571,48
Síðan hafa sjóðnum bætzt þessar tekjur :		
a. Eptirgjald eptir $\frac{1}{2}$ jörðina Gljú frá árin 1883 og 1884	kr. 53,37	
b. Ársvextir af innritunarskírteini til 11. júní 1886 á 4%	— 336,00	
c. Hálfis árs vextir af sama til 11. des. 1886 á 4%	— 168,00	
d. Þóknun út af rentubreytingu $1\frac{3}{4}\%$	— 147,00	
e. Hálfis árs rentur til 11. júní 1887 af nýju innritun- arskírteini á $3\frac{1}{2}\%$	— 147,00	
f. Vextir af fje í sparissjóði	— 4,86	kr. 856,23 kr. 9427,71

Gjöld.

Útgjöld sjóðsins hafa verið :

a. Borgun fyrir 2 auglýsingar frá nefnd þeirri sem kosin var á alþingi 1885 samkvæmt 3. gr. í «Reglum um Gjóf Jóns Sig- urðssonar»	kr. 5,91	
b. Borgun fyrir sparissjóðsbók	— 0,30	kr. 6,21

Eign sjóðsins 11. júní 1887 :

a. Innritunarskírteini Ltra A fol. 93	— 8400,00	
b. Í landsbankanum með sparissjóðskjöllum	— 1021,50	kr. 9421,50 kr. 9427,71

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 23. júlí 1887.

Magnús Stephensen.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu, um það, 89
 hvort bóndi sje skyldur að greiða lausfjártíund og aukaútsvar af útibúi í öðrum 29. júlí.
 hreppi en hann sjálfur er búsettur í. — Með þóknanlegu brjefi 12. f. m. hafið þjer,
 herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndaroddivitans í Áshreppi í Húnavatns-
 sýslu, þar sem hann spyrst fyrir um það, hvort Magnúsi bónda Steindórssyni, sem að
 álití bæði yðar og sýslumanusins í Húnavatnssýslu átti lögheimili í Sveinsstaðahreppi